## Námsáætlun fyrir Hönnun og smíði - 1. bekkur
## skólaárið 2023 – 2024

**Kennari:** Jóhanna Kristín Hauksdóttir
**Tímafjöldi:** 2 kennslustundir á viku hálft skólaárið

### Virðing-Ábyrgð-Árangur-Ánægja

| Námsþættir | Hæfniviðmið | Kennsluhættir/leiðir | Námsmat |
|---|---|---|---|
| **Handverk** | Læri að nota verkfærin á öruggan hátt.<br><br>Kynnist smíðaefnum s.s. MDF og krossvið. | **Nemendur læra:**<br>að nota laufsög til að saga í tré.<br>að nota sandpappír<br>að nota þvingur<br>að nota klauf<br><br>Nemendur fá að skoða efnin sem verið er að nota í smíðastofunni. | Kennari sinnir leiðsagnarmati á meðan á vinnu nemenda stendur.<br>Vinnubrögð og færni eru metin á vinnutímabilinu. |
| **Hönnun og tækni** | Kynnist einföldum samtenginum.<br><br>Geti gert einfalda teikningu og unnið eftir henni.<br><br>Hafi kynnst yfirborðsmeðferð. | **Nemendur læra:**<br>að tengja saman hluti á einfaldan hátt s.s. líma<br><br>að teikna hugmyndina á einfaldan hátt á blað og klippa út<br>að forma hlutinn með sandpappír eða rasp<br><br>að mála eða bera olíu á verkefnið | Metin er hugmyndavinna sköpun og útfærsla á eigin hugmyndum við verkefnavinnu. |

| | | | |
|---|---|---|---|
| **Umhverfi** | Hafi kynnst því hvernig nýta má efnivið sem er verið að vinna með.<br><br>Öryggi og gildi. | **Nemendur læri:**<br>að nota efni sem til eru<br>að nýta efni úr umhverfinu<br><br>að nota eyrnahlífar við vinnu<br>að nota hlífðargleraugu | |

**Námsgögn:**
Bækur, blöð og efni á netinu notað til hugmyndavinnu. Efniviður sem skólinn kaupir og einnig er í boði að nemendur komi með efni sem þeir vilja nota (kannski eitthvað sem þeir hafa fundið í fjörunni eða annarsstaðar).

**Lokanámsmat:**
Að ofan er búið að lista upp þau hæfniviðmið sem verður unnið eftir þetta skólaár.
Einnig notar kennarinn leiðsagnarmat sem fer fram í hverjum tíma.
Nemendur fá endugjöf frá kennara um framgöngu í námi með fjórum hæfnitáknum og safna þannig á hæfnikort sitt.